

Almenningsbókasöfn - mikilvægur fjársjóður til framtíðar

Málþing um málefni almenningsbókasafna á Íslandi

Í Bókasafni Mosfellsbæjar föstudaginn 27. september kl. 8.30-12.30

Fundarstjóri: Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundarmenn voru um 40, þar af 3-4 sveitarstjórnarmenn.

Sunna Njálsdóttir, formaður Samtaka forstöðumanna almenningabókasafna bauð alla velkomna og gaf fundarstjóra orðið.

Anna Guðrún kynnti sig og sagði frá því menningarmál heyrna undir þróunar- og alþjóðasvið sambandsins. Hún fagnaði þessu málþingi um ný lög almenningsbókasafna. Áður en hún bauð fyrsta fyrirlesara að hefja mál sitt, kynnti hún erindin og framgang fundarins.

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson

Halldór velti fyrir sér yfirskrift málþingsins. Bar saman aðstæður í dag og á tíma lestrarfélaganna og fyrstu bókasafnanna. Hann talaði um bókina og hennar hlutverk og að mikilvægt væri að söfnin viðhaldi arfleifðinni.

Eftir hrun breyttust aðstæður allra sveitarfélaga og skera þurfti niður og forgangsraða. Staðan kallaði á breyttar aðferðir og endurskoðun. Hver eru útgjöldin, hvaða þýðingu hafa þau fyrir íbúana, hvað skiptir máli?

Breyting hefur orðið á viðhorfi til bókasafna, aðsókn er vaxandi og hærrí útlánatölur eftir hrun. Fróðlegt að fylgjast með þróuninni. Framlög til menningarmála hjá sveitarfélögum hafa aukist eftir hrun. Voru samtals 5.5 milljarðar 2007 en 8 milljarðar 2012. Til bókasafna 1,6 milljarður 2007 en 1,9 milljarður 2012. Fróðlegt að sjá þetta. Halldór lýsti væntingum til notkunar rafrænna gagna og umræðna um þau. Sambandið er í tengslum við systurfélög annars staðar á Norðulöndum. Þar gengur á á ýmsu með innleiðingu á útlánum rafréttis í bókasöfnum og eru Danir einna fremstir þar. Hér gætu útlán á rafrænu efni aukið aðgengi fólks í afskekktum byggðum. Í stað bókakassa væri hægt að hlaða inn á tölvu.

Halldór sagði eitt aðalhlutverk bókasafna að vera athvarf í erli dagsins. En verkefnið væru fleiri – gætu verið fleiri. Sveitarfélög þurfa að vera meðvituð um upplýsingahlutverk bókasafna og sömuleiðis þarf að líta til þróunarstarfs vegna erlendra samborgara. Hjá sambandinu er mikið að gera í Evrópumálum, og menningarmál hafa því orðið dálítið útundan. Hann vitnaði í hlutverk sambandsins og sagði frá því að í gangi væri vinna við stefnumörkun m.a. hvað varðar menningarmál. Kallað er eftir auknum faglegum stuðningi, verið er að undirbúa að koma til móts við það.

Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Eiríkur Þorláksson

Eiríkur er sérfræðingur í ráðuneytinu og sér um tengsl við hvers kyns söfn og málefni þeirra. Hann hefur m.a. staðið að þeirri lagagerð sem nú er orðin að veruleika. Eiríkur lýsti þróun í lagasetningu fyrir bókasöfn og lagaramma. Hann talaði um breytingar sem gerðar voru á lögnum m.a. um skólabókasöfn. Einnig væri ákvæði um Bókasafnasjóð rithöfunda. Lög um skylduskil eru grunnþáttur í varðveislu bóka og skipta máli í þessu samhengi. Höfundalögin frá 1972 eru orðin gömul og stíð en slík lög skipta miklu máli. Þyrfti að endurskoða þau þannig að hægt væri að nýta tækni nútímans til þess að koma efni á framfæri án þess að því væri stolið og án allt of mikils kostnaðar. Verið er að vinna í þessu, erfitt að finna milliveg.

Eiríkur vitnaði í lög um bókasöfn prestakalla frá 1931. Þar er gæðamerkt orðalag; „kirkjumálaráð skyldi skipa einn mann í bókanefnd og skyldi sá vera kunnur að smekkvísi og þekkingu á bókmenntum.“ Kannski ætti að nota þessi viðmið í dag við skipun í bókasafnsráð?

313 bókasöfn eru aðilar að GEGNI. 286 nota kerfið til útlána og 48 manns eru í Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna. Er almenningsbókasöfnum að fækka? Alls staðar á Norðurlöndum er mikil umræða um það. Svo virðist vera en hvers vegna? Er þjónusta að hverfa? Mikil skrif eru um þessi mál í fagtímaritum bókasafna. Mikilvægt er að hvetja til samvinnu og samstarfs safnanna, ekki síst við að sinna því hlutverki að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir með virka þjónustu og miðlun. Nýju lögin gefa sveitarfélögum og söfnum gott tækifæri til að víkka út hlutverk sitt. Söfnin geti veitt miklu meiri þjónustu og verið virkari en þau eru. Geta verið upplýsingamiðstöðvar sveitarfélagana; andlit sveitarfélaganna. Einnig upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamál og miðstöðvar menningarmála almennt í viðkomandi landshluta. Þá skiptir staðsetning og umgjörð safnanna máli. Eiríkur sagði frá Bókasafnaráði sem mun starfa skv. nýju lögnum. Því er ætlað stórt hlutverk:

1. vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna í samvinnu við Lbs-Hbs,
2. setja reglur um söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi.

Er tæknin að útrýma söfnunum? Til hvers eru þau, hvað viljum við?

Er fénu vel varið? Mætti nýta það betur? Ætti e.t.v. að veita meira fjármagni til bókasafna? Bókasafnaráð sem nú situr er vel í stakk búið að fjalla um þessi mál og móta stefnuna. Eftir að embætti bókafulltrúa ríkisins var lagt niður hefur engin séð um að safna tölfræðilegum upplýsingum um bókasöfn. Bókasafnaráð þarf að meta hverju skal safna, skilgreina hvað er fróðlegt og hvað nauðsynlegt og athuga hvernig þessum upplýsingum er safnað saman, sjálfvirk eða handvirk.

Nýjung í lögnum er að settur hefur verið á fót Bókasafnasjóður sem hægt er að sækja í vegna þróunar- og samstarfsverkefna. Fjármögnun er óviss í ár en verður vonandi á næsta ári.

Eiríkur lauk máli sínu með tilvitnun í Indiana Jones:

„Archaeology is the search for fact ... not truth.

If it's truth you're looking for, Dr. Tyree's philosophy class is right down the hall.“

Landsbókavörður Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir:

Ingibjörg hóf sitt erindi á því að varpa fram nokkrum atriðum sem e.t.v.. lýsa viðhorfum sveitarstjórnarfólks:

- Enn einn útgjaldaliðurinn?
- Vantar meira efni eða öðru vísi efni?
- Alltof dýrt?
- Starfsmannavandamál?
- Húsnæðisvandamál?
- Tómt vesen?
- Nennir nokkur á bókasafnið?

Hún talaði um alla þá möguleika á afþreyingu sem í boði eru, hvernig hægt er að flakka í tíma hjá sjónvarpsstöðvum – nýir miðlar, ný tækifæri.

Hún tók undir orð Eiríks um vinnslu nýju laganna og að samvinnan hefði gengið vel. Hún kom inn á ákvæðin um að bókasöfn skuli vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir.

Hvernig vilja sveitarfélögin nýta sér starfsemi bókasafna?

Tæknivæðing gengur vel í söfnum. Samstarfsverkefni eru mörg og hagræðing hefur verið mikil í greininni undanfarin ár, þjónustan er miklu betri en var. Getum verið stolt af því að söfn brugðust við kreppunni á skynsaman hátt með sparnaði og hagræðingu og hlutirnir voru hugsaðir upp á nýtt. Ingibjörg sagðist hissa á að framlög til safna hefðu hækkað frá 2007 því söfnin hafa þurft að skera mjög niður.

Hún sagði frá lögum um Lbs-Hbs. Talaði um reglugerð frá 1998 sem þyrfti að uppfæra þó svo hún væri nokkuð sveigjanleg.

Gegnir og Aleph eru stærsta samstarfsverkefnið. Ingibjörg sagði frá Landskerfi og ýmsum verkefnum og leitargáttum sem opnar væru fyrir alla landsmenn. Hún sagði frá verkefnum Landsbókasafns í skráningu og ýmsum fagmálum. Hún minntist á Dewey á vefnum sem væri framtíðin, söfn landsins væru saman í áskrift.

Ingibjörg sagði frá stafrænni endurgerð íslensks efnis og söfnun stafræns efnis á íslensku t.d. Rafhladan. Einnig frá stefnumótunarvinnu í Landsbókasafni: Hvernig fáum við meira út úr minna með því að nýta fjármuni og hugvit sem best?

Að lokum talaði Ingibjörg um verkefni framundan. Meðal þeirra eru tilraunaverkefni um útlán á íslenskum rafbókum og í sjónmáli er nýtt skráningarkerfi bókasafna, RDA.

Og allra síðast; er það kannski svona sem sveitarstjórnarmenn líta á bókasöfnin:

- Öflugar menningarstofnanir?
- Gott samstarf við skóla og aðra menningarstarfsemi?

- Góð þjónusta við íbúana – fagmennska?
- Styrk stoð samfélagsins?
- Þátttakandi í kynningu á sveitarfélaginu sem áfangastað í ferðapjónustu?
- Ímynd?

Hvað viljum við sjá hvað vill viðskiptavinurinn sjá? Staðsetning safna þarf að vera hentug fyrir íbúana og alla sem leið eiga um. Við þurfum að hugsa út fyrir rammann, samvinna og samstarf um fagleg mál, viðburðir, ferðapjónusta, aðstaða fyrir sprotafyrirtæki og nýsköpun og svona mætti lengi telja.

Borgarbókavörður Pálína Magnúsdóttir:

Pálína kynnti sig og sitt nýja starf sem borgarbókavörður. Hún talaði um aðgengi að bókasöfnum og sagði frá athugun sem hún gerði á leiðinni frá Reykjavík á Höfn í Hornafirði fyrir nokkrum árum. Borið var saman aðgengi að vínbúðum og bókasöfnum. Vínbúðir voru mjög sýnilegar – bókasöfnin ekki. Við verðum að breyta aðgengi að söfnunum ef þau eiga að taka yfir öll þessi verkefni sem talað hefur verið um. Upplýsingahlutinn er góður og gildur en við megum ekki gleyma menningarhlutanum, hann er ekki síður mikilvægur. 700 þús manns heimsækja Borgarbókasafn á ári, fleiri en koma í Hörpu. Útlán eru milljón á ári og þeim fer ekki fækkandi. Pálína sagði frá bæ í Hollandi sem notar bókasafnið í auglýsingum til að lokka að nýja íbúa. Söfnin eru staður til að vera á. Svo er víða og ekki síst hér á landi. Í almenningsbókasöfnum landsins er hægt að:

- Vera og hittast
- Upplifa menningu
- Læra og menntast ævina á enda
- Fá óhlutdrægar upplýsingar
- ...það:
- Eykur lífsgæðin
- Styrkir lýðræðið
- Bætir frítímamann
- ...það er:
- Fyrir alla
- Samkomustaður í nærsamfélaginu
- „Vaxtarrými“ fyrir börn
- ...þau eru:
- Alþýðleg
- Laða að sér mikinn fjölda
- Hafa margvíslega notendur með mismunandi þarfir
- Hafa fjölbreytt hlutverk

Almenningsbóksöfn er eina menningarstofnunin sem sveitarfélögum BER lögum samkvæmt að reka.

Bókasöfnin styrkja lýðræðið með því að bjóða upp á ókeypis upplýsingaþjónustu óháð stöðu, stjórnmalaflokki eða öðru og eru hlutlausar stofnanir. Vörumerki bókasafna þekkja allir í öllum löndum. Finnskur kollegi líkti bókasafnaþjónustu við vatn. Vatn sem maður blandar bragðefnum eða þykkni út í til að gera það sætt og bragðgott – ef við tökum þykknið í burtu þá er vatnið þarna áfram samt sem áður.

Almenningsbókasöfn eru alveg einstakar menningarstofnanir. Þau eru í miklu breytingarferli nú um stundir vegna gríðarlega hraðrar þróunar í tækni og miðlum og vegna spurninga um sýndarheima versus raunheima. Einnig vegna aukinnar samkeppni utan frá, bæði hvað varðar afþreyingu og upplýsingar. Þau halda lífi í okkur. Markmiðin eru: Upplifun – þátttaka – styrkur – nýsköpun.

Pálína sagði frá fjölmenningsverkefnum sem Borgarbókasafn stendur fyrir og hýsir. Hún nefndi Library 10 í Finnlandi og í því sambandi ljóðaslamm sem BBS stendur fyrir. Lærdómsrými – samverurými. Það er KJARNINN. Söfnin eru mikilvægasti þriðji staðurinn.

Allra, allra mikilvægast er starfsfólkið. Menntað, hæfileikaríkt og hugmyndafríkt. Það þarf að virkja, finna og nota styrkleika þeirra. Pálína sagðist sjá fyrir sér að starfsfólk í söfnum verði einhvers konar samfélagsþjálfar – og þess væri auðvitað þegar farið að gæta.

Hún nefndi nokkur verkefni sem verið er að vinna að í Borgarbókasafni og í öðrum söfnum erlendis m.a Laptop club í Helsinki sem varð til upp úr námskeiði fyrir eldra fólk og þróaðist út í eins konar klúbb. Gamla fólkið mætir með vélarnar sínar í safnið, skiptist á skoðunum og lærir hvað af öðru. Í lokin velti Pálína fyrir sér stöðu safnanna í dag.

Hvað verður um söfnin í heimi breyttra miðla eins og rafréttis til dæmis.

Almenningsbókasöfn væru ekki á útleið og hún sagðist vona að okkur beri gæfa til að þróa þau og þroska í þessum nýja aðstæðum því full þörf er fyrir þau sem félagsstofnanir eða menningarlegar stofnanir ekki síður en upplýsingastofnanir.

Nú var gert kaffihlé og fundarstjóri lýsti ánægju sinni með umræður um hlutverk bókasafna og útvíkkun þess hlutverks.

Tveir forstöðumenn almenningsbókasafna:

1. Hólmkell Hreinsson Amtsbókasafninu á Akureyri

Hólmkell lýsti ánægju sinni með málþingið sem væri mjög þarft.

Hann sagði frá Amtsbókasafninu og sýndi myndir. Í almenningsbókasöfnum þarf að hugsa um safnkost, þjónustu og húsnæði. Einnig þarf að vera góður mannaflí. Það þarf að gera safnkostinn aðgengilegan og vera til staðar. Almenningsbókasöfn ættu að vera menningarlegt hlaðborð – gestir gæða sér á því sem þeir hafa lyst á hverju sinni. 4-500 manns koma daglega í safnið og ekkert lát á. Svo er spurning hvort ánægja fólks standi

söfnunum fyrir þrifum? Fólk sé svo ánægt að það vilji engu breyta? Hólmkell segir stöðuna ekki þannig enda séu almenningsbókasöfn í stöðugri þróun og hafi gjörbreyst undanfarna áratugi. Hann fór lítillaga yfir þróunina og sagði að í dag þyrfti að leggja meiri áherslu á þjónustu en safnkost. Það er tiltölulega nýtt hlutverk almenningsbókasafna að kenna notendum að nýta sér safnkostinn. Í sambandi við það væri í dag mikilvægara að mæla þjónustuna í öðru en útlánum. Útlánatölur dragast saman en æ fleiri sækja sér tímaritsgreinar í ýmsar veitur. Það er ekki nóg að stilla út safnkosti og hafa góðan bókaforð, það þarf að hjálpa fólki til sjálfshjálpar.

Hólmkell talaði um að orðið rafbók væri „gúmmíorð“. Hann minntist á verð rafbóka sem er hærra en á prentuðum bókum. Ekki aðlaðandi fyrir notendur. Það þarf að finna lausn á því að tryggja aðgengi að rafbókum – en var ekki með lausnir. Hólmkell sagði frá dönsku verkefni: Modelprogram for folkebiblioteker, <http://modelprogrammer.kulturstyrelsen.dk/> og sýndi mynd úr bókinni *Gör bibliotekene forskel* sem sýnir starfsemi almenningsbókasafna og skörun ýmissa höfuðþátta eins og að skapa – upplifa – uppgötva – taka þátt og hvernig rýmið og þekkingin eru hluti af þessari skörun. Framtíðin gerir meiri kröfur og vill æ betri þjónustu. Sameiginlega getum við náð takmarkinu.

Fundarstjóri lýsti enn og aftur ánægju sinni með bókasöfnin og erindin, málþingið varpaði ljósi á verkefni bókasafna, framtíðarsýn og tækifæri og lýðræðishlutverk þeirra.

2. Sunna Njálisdóttir, Bókasafn Grundarfjarðar og formaður samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna

Sunna sagði sögu safnsins í Grundarfirði og hversu mikil einangrunin getur verið þar sem er einn starfsmaður. Í þeirri stöðu hefði Bókafulltrúi ríkisins skipt miklu máli og verið líflínan fyrir litlu söfnin úti á landi.

Sunna lýsti því hvernig hlutverk safnsins hefði verið og væri. Nú hefur það verið flutt í svokallaða samfélagsmiðstöð í miðbænum og þótt húsnæðið hafi minnkað mikið er staðsetningin mikilvægari. Þessi miðstöð er eins konar fræðslu- og menningarmiðstöð, þar eru ferðamannaupplýsingar og margt fleira.

Hún talaði um það hve erfitt getur verið að nýta fjármagn sem veitt er í söfnin úti á landi, því það er af skornum skammti. Einn starfsmaður í safni hefur lítinn tíma til að sinna fagvinnu eins og t.d. grisjun – en það verkefni er nauðsynlegt ekki síst núna þegar flutt er í minna húsnæði.

Hún talaði um vanda safnanna úti á landi þar sem þau eru oft í bakhúsum eða langt frá miðpunkti samfélagsins. Fólk nennir ekki að fara í langan leiðangur til að sækja sér þjónustuna. Sunna sagðist vænta mikils af Bókasafnaráði. Það er nauðsynlegt að geta leitað til fagraðs þannig að starfsemin sé samræmd sem víðast um landið. Það hefur vantað ráðgjafa, það vantar fyrirmynd og samræmda stefnu.

Sunna talaði um lögin og þá vinnu sem farið hefur fram í tengslum við þau. Þá kom hún inn á það hvað sveitarfélögin gætu gert til að styðja bókasöfnin. Hún hefur áhuga á samstarfi innan sýslunnar, gagnlegt að skipta með sér verkum og jafnvel safnkosti, samnýta hann. Á Snæfellsnesi hefur verið reynt að samræma og sameinast um safnkost, en erfitt hefur verið um vik. Hún fagnar rafrænu byltingunni; þá fyrst er hægt að tala um að gera eitthvað sameiginlegt.

Fundarstjóri sagði þetta þarfa áminningu um verkefni lítilla safna úti á landi.

Boðsgestur: Njörður Sigurjónsson, lektor Háskólanum á Bifröst.

Njörður er lektor í menningarstjórnun á Bifröst. Hann var áhugasamur um þennan vannýtta safnkost sem verið væri að tala um. Njörður hefur verið framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs og er nú í samráðsnefnd um framtíð íslenskrar bókaútgáfu, sem bráðlega mun skila niðurstöðum.

Hann sagðist mundu ræða þrennt í sínu erindi: Vandamál tengd breyttu skipulagi menningarmála innan sveitarfélaga, umhugsunarefni varðandi stöðu bókasafna og hvernig bókasafnið leggur áherslu á mikilvægi sitt og verður leiðandi afl í yfirvofandi breytingum.

Það er mikið að gerast í stærri bæjum og á höfuðborgarsvæðinu, en hvað er að gerast á minni stöðum? Hann sagði frá lokaritgerð Eyrúnar Ýrar Tryggvadóttur (2012) við HÍ: *Horft í skildinginn, niðurskurður á íslenskum almenningsbókasöfnum í kjölfar efnahagshruns* þar sem fjallaði væri um þetta vandamál. Mikilvægi bókasafna væri fólgið í svo mörgu; aðgengi að upplýsingum og menningu í víðum skilningi, innblæstri, þekkingu og afþreyingu. Þau væru lýðræðislegt „almannarými“, veittu athvarf og frelsi frá öðrum hagsmunum, frá áreiti, markaðssetningu og vörumerkjum og væru kjarninn í menningarstarfsemi lítilla saméлага.

Njörður sagðist sakna menningarhugtaksins í nýju lögunum og sagði að í umræðu um menningarstofnanir gleymdist stundum að bókasöfnin eru meðal þeirra fáu staða sem ekki tengjast sölumennsku. Söfnin eru yfirleitt litlar einingar og standa ekki alltaf undir kröfum því sífellt er að bætast við hlutverk þeirra. Því er auðvelt að skera niður og það hefur oft mikil áhrif. Svo væri aðstaða auðvitað misjöfn í sveitarfélögunum. Kannski þarf ekki lengur söfn? Allt er á netinu og brátt verður allt prentað efni á íslensku aðgengilegt þar. Njörður talaði um að rannsóknir í bókasafnageiranum tengjast lítið öðrum geirum. Fagleg þróun virðist meira innávið, rætt um menntun í bókasafns- og upplýsingafræðum en ekki þróun fagsins. Hann talaði um að í niðurskurði fer fólk í vörn. Þá kemur áhersla á lög, verndun starfsheita og stöðlun. Hann benti m.a. á að ekkert væri minnst á rafrætur í nýju lögunum og ekkert á hagsmunaaðild. Hulda Björk leiðrétti þetta; að í lögunum væri talað um safngögn á hvaða formi sem er, þ.m.t. rafrætur. Njörður sagði að bókasöfnin ættu að vera leiðandi í vinnu við endurskipulag menningartengdrar starfsemi í sveitarfélögum, þau ættu ekki að vera sá hluti

starfseminnar sem er „troðið með“, heldur í fararbroddi. Hvað er það mikilvæga sem bókasöfnin hafa uppá að bjóða? Því þarf að miðla í sveitarfélaginu. Söfnin þurfa að vera sveigjanleg, leita að nýjum leiðum, vera opin fyrir samvinnu, fræða aðra og undirbúa jarðveginn.

Hann taldi að orðið fjársjóður væri ekki hentugt í umræðu um bókasöfn – fjársjóður væri eitthvað sem ætti að geyma og mætti ekki skemma eða eyða – hvort bókasöfn væru fjársjóður í þessum skilningi?

Að lokum sagði hann að almenningsbókasöfnin væru miðstöðvar, þar færi fram endurmenntun, þar eyðir fólk frístundum, þau eru biðstofur, grunnur menningarstarfsemi, límið í samfélaginu. Mætti jafnvel nota þau til að laða að nýja íbúa, líkt og Hólmkell hafði minnst á að gert hefði verið í Hollandi.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins

Tryggvi var með glæsur í formi PREZI, nýstárleg framsetning. Hann sagði frá sjálfum sér og sinni bókasafnanotkun gegnum tíðina, í seinni tíð mestmegnis notkun artoteksins í Borgarbókasafni.

Tryggvi talaði um lagaumhverfið eins og það lítur út gagnvart bókasöfnunum og ræddi vinnuna við lagasetninguna 2012, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, lýðræði, jafnræði og aðgengi. Hann ræddi þátt menningar, samstarf og samnýtingu, stjórnsýsluhlutverk og þátt tungunnar.

Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi í fyrra. Samkvæmt þeim eiga sveitarfélögin að framfylgja ákveðinni stefnu. Það gengur misvel í upphafi, en þegar þar að kemur verður bókasafnið sterkur liður. Hann lýsti lagaferlinu og fjármögnun safna, allt frá Bókasafnsfélögum embættismanna. Í dag hafa verið gerðar endurbætur á gjaldtökuheimildum og nú er í gildi nýr lagarammi þar sem áhersla er á samvinnu og samnýtingu og hlutverk gagnvart íslenskri tungu og upplýsingalæsi. Skylda sveitarfélaga væri ótvíræð og söfnin hluti af grunnþjónustu. Samband sveitarfélaga er ánægt með þetta, lagarammi veitir aðhald í sveitarfélaginu í ljósi þess að þetta er almannþjónusta en ramminn væri það rúmur að hægt væri að skapa svigrúm til að þróa þjónustuna áfram.

Tryggvi taldi að búið væri að ná ákveðnum markmiðum með lögunum varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, lýðræði, menningarhlutverk og stjórnsýsluhlutverk. Finna þarf leiðir til að vinna að þáttum eins og samstarfi og samnýtingu, jafnræði og aðgengi auk hlutverks tungunnar.

Hann talaði um hve mikilvægt væri að hafa gott aðgengi að söfnunum, ekki síst í litlum sveitarfélögum.

Tryggvi kom inn á þörfina fyrir reglugerðir og taldi að ekki þyrfti nýja reglugerð nú. Lögin gæfu það mikið svigrúm. Ekki eru þó í lögunum ákvæði með viðurlögum ef sveitarfélög

þykja ekki uppfylla sína skyldu í stuðningi við söfnin enda væri betra að beita hvatningu í þeim tilvikum.

PALLBORÐSUMRÆÐUR.

Eftir stutt hlé hófust pallborðsumræður. Þátttakendur voru auk fundarstjóra, Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Margrét Sigurgeirsdóttir formaður Upplýsingar, Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður í Kópavogi og fulltrúi SFA í Bókasafnaráði og Eiríkur Þorláksson sérfræðingur í Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Margrét og Hrafn fóru aðeins yfir erindi dagsins. Talað var um lagarammann og bent á höfundalögin og rafrænu áskorunina. Það þyrfti að hugsa hlutina upp á nýtt; í lögunum er lögð áhersla á virkni bókasafna og frumkvæði. E.t.v. eru söfnin of veikar stofnanir til að geta sinnt þessu hlutverk, a.m.k. úti á landi. En það eru fleiri áskoranir sem við stöndum andspænis. Skattgreiðendum fækkar og það þarf nýja hugsun. Sátt er um rammann, nú er komið að útfærslunni og þar liggja áskoranirnar.

Nú er e.t.v.. búið að skjóta okkur aftur til upphafsins og finna þarf flöt í rafrábókamálunum. Nauðsynlegt er að veita fjármagni í söfnin meðan verið er að laga sig að nýrri tækni, síðar meir sparast þetta fé á móti. Við þurfum sérfræðinga. Framtíðin er björt og samfélagið þarf á söfnunum að halda. Meðal nýrra verkefna er mikilvægi framboðs upplýsinga fyrir íbúana, ekki síst nýbúa.

Lýst var ánægju með erindi fulltrúa sveitarfélaga og ráðuneytis. Bókasöfn hafa verið í bið, nú er komið að okkur. Næsta landsþing sveitarstjórna mun m.a. fjalla um bókasöfn og menningu og er það vel. E.t.v. væri hægt að kitla íþróttahugsun sveitarstjórnarmanna, lestur er nefnilega íþrótt sem þarf að læra, æfa og iðka; og lengir bæði lífið og eykur lífsgæðin.

Talað var um þann mismun sem ríkir milli bókasafna þéttbýlis og dreifbýlis. Nefndur var Ólafsfjörður þar sem átti að setja bókasafnið í horn inni á kaffihúsi. Spurt var hvort hætta væri á því að fólk sem er að læra menningarstjórnun tæki yfir söfnin. En svo virðist ekki vera miðað við erindi Njarðar. Bókasöfnin leika stórt hlutverk í menningarstarfsemi sveitarfélaga og oft er leitað til þeirra um hvers konar menningarstarf. Hrafn sagði frá ungmenningshúsi í Kópavogi þar sem væru eins konar „vinnustofur“ eða „workshops“. Slíkar sjoppur gætu e.t.v. verið í söfnunum? Nokkuð var rætt um ungmennamenningu og mikilvægi hennar.

Sveitarstjórnarmenn fengu smá tiltal fyrir slæga mætingu – en þeir fáu sem voru á málþinginu vörðust og töldu árangursríkara að mæta á fundi hjá þeim í stað þess að halda svona málþing. Fundarstjóri vakti líka athygli á því að flestir sveitarstjórnarmenn væru í vinnunni, sumsé annarri vinnu en að stjórna byggðarlögum. Stefán Bogi Sveinsson sveitarstjórnarmaður af Fljótaldalshéraði sagðist vera á staðnum fyrir algjöra

tilviljun. Hann væri heldur ekki virkur notandi bókasafna. Hann sagði að mikilvægt væri að samnýta kraftana í átt til styrkra menningarstofnana og upplýsingastofnana. Ekki gæti orðið neitt eitt mótél fyrir bókasöfn því aðstæður eru svo misjafnar í sveitarfélögunum. Á Fljótsdalshéraði er t.d. sérstök menningarmiðstöð og ekki samkrull við bókasafnið. Mismunandi aðstæður kalla á mismunandi leiðir. Hann talaði um að áhugaleysi væri e.t.v. afleiðing af því að það væri aldrei neinn „hasar“ kringum bókasöfnin, þau rúlla áfram. Þar sem hasarinn er þar er athyglin. Svo þegar athyglin beindist að söfnunum, hverjir væru þá hörðustu andstæðingar breytinga? Starfsmenn og stjórnir safna!!! Markmiðið með nýsköpun og þróun er auðvitað ekki síst að spara fé, án þess að verið væri að kasta bókasafnsfólki út á Guð og gaddinn.

Jóhanna Hafliðadóttir frá Fljótsdalshéraði sagðist furða sig á tölum formanns Sambands sveitarfélaga um framlög til menningarmála og bókasafna. Hjá þeim voru t.d. 1,2 milljónir til bókaþaua 2006 en 600.000 árið 2012. Útgjöld aukast á öllum sviðum en bókaþaupakvóti dregst saman. Hún minnti líka á að tölvasamband væri slæmt víða úti um land og hamlar rafrænni þróun.

Þórdís Styrmiðóttir frá Sauðárkróki greip boltann frá Stefáni. Á Króknum eru um 4000 íbúar. Sveitarstjórnarmenn þar eru jákvæðir, þeir standa í mikilli varnarbaráttu svo ekki tapist opinber störf eins og til dæmis í kringum flugið á Krókinn í dag. Orkan fer í þetta en ekki í söfnin enda eru þau ekki með háreysti eins og fram var komið. Mjúku málin gleymast í hasarnum. Tók undir orð Hrafns um að mikilvægt væri að stéttin fengi fulltrúa inn á landsþing sveitarstjórnarmanna. Fundarstjóri sagði ljóst að mörg úrlausnarefni tengjast strúktúr sveitarfélagsins og þar eru mestu erfiðleikarnir í litlu sveitarfélögunum. Hulda Björk kynnti framkvæmdastjóra menningarsviðs Reykjanesbæjar sem var með henni á þinginu og sagði samstarfið gott. En menning á yfirhöfuð á brattann að sækja í Reykjanesbæ og fjárveiting til menningarmála væri talsvert minni nú en þegar Hulda hóf störf fyrir 20 árum eða svo. Hún sagði frá flutningum safnsins í öðruvísi rými, þar eru bæjarskrifstofurnar einnig til húsa svo og kaffihús o.fl. Hún sagði að sér væru ofarlega í hugar staðlar og eftirlit. Engir staðlar væru til um bókasöfn. Nýju lögin væru opin og víð, sérstaklega fyrir þróun. En það vantar samt eitthvað sem ýtir undir sveitarstjórnir. En vera má að þessi sameiningarhugmynd sé sniðug.

Hólmkell talaði um nauðsyn þess að færa fókussinn frá söfnunum sjálfum yfir á notendur, hvernig fólk vill nýta sér söfnin. Skoða þörfina og móta síðan þjónustu. Hvaða arfur skiptir máli hér og nú? Hann tók dæmi um verkefni sem gæti verið að bjóða til dæmis frumkvöðlum upp á skrifstofuaðstöðu. Fyrirmyndin er frá söfnum í Helsinki. Hægt væri að leigja sér skrifstofu og aðgang að ýmsum græjum, til dæmis þrívíddarprentara. Fá aðstöðu til að prófa nýjar hugmyndir; safnið leggur til búnað og viðskiptavinir geta prófað sig áfram með verkefni. Þetta væri mikilvæg nálgun núna. Hvað þarf fólk að? Um hvað er beðið?

Fundarstjóri greip orðið og benti á að breyting til framfara væri bókasafnsráðið! Eftirlit og samhæfing hlyti að vera á borði þess. Gagnlegt væri einnig að hafa samtök forstöðumanna. Sammála því að færa fókus á notendur.

Eiríkur þakkaði góðar umræður og talaði um að leggja þyrfti fram áætlun um verkefni ofl. Hann sagði að lítil almenn umræða væri e.t.v. merki um mikla ánægju en hins vegar lýsir hún kannski sinnuleysi. Hann vitnaði í norska tímaritið *Bok og bibliotek*. Á forsíðu er vitnað í könnun á viðhorfum norskra stjórnmalaflokka til bókasafnamála. Mjög athyglisvert. Kannski eitthvað sem ætti að taka upp í næstu kosningum hér? Hann vísaði því til þátttakenda málþingsins. Eiríkur tók undir hugmyndina um að þjóna fólkinu, ekki einblína á öflun gagna. Hann nefndi rafrænu byltinguna og breytingu á Hljóðbókasafninu í kjölfar hennar, þangað kæmi varla hræða lengur. Safnið hefur fengið mikið hrós fyrir þessa þróun.

Hann benti á möguleika í 13. gr. nýju laganna. Ráðherra getur lagt fé í það verkefni að semja við söfn um að taka að sér sértæka þjónustu. Nefndi sem dæmi verkaskiptingu gagnvart nýbúum. Söfnun bókakosts á ýmsum tungumálum taldi hann líka gott dæmi um þetta. Frjálsræði er aukin með lögunum, svo og ábyrgð.

Halldór átti lokaorðin. Hann þakkaði líka fyrir sig og sagðist ánægður með þingið og umræðurnar. Með nýjum fjármálareglum hjá sveitarfélögum eru aðstæður breyttar. Verið er að laga sig að þeim. Hann fagnaði umræðum um samnýtingu og benti á að fólk í bókasafnsbransanum þyrfti að vera duglegt að benda á nýja möguleika og leiðir og vera öflugra í að benda á möguleika til hagræðingar.

Staða bókasafna er miklu sterkari en talað hefur verið um á þinginu. Enginn hasar kannski en „öruggur staður til að vera á“. Góður staður til að vera á. Miðað við allan fjöldann þá eru söfnin með mjög sterka stöðu. Eru bara hæglát og hljóðlát. Ekki endilega ástæða til að breyta yfir í hipp og kúl.

Þinginu var slitið um tólfleytið og fundarstjóri hvatti alla til að taka þetta vegarnesti með sér í átt til þróunar. Þá þakkaði Sunna öllum kærlega fyrir þátttökuna og gott þing.

Helga Jónsdóttir
fundarritari